

**Nd.**

**272. Nefndarálit**

**[72. mál]**

um frv. til laga um stjórn flugmála.

Frá meiri hl. samgöngumálanefndar.

Nefndin hefur rætt þetta mál ýtarlega og sent það til umsagnar flugráðs og flugfélaganna, Loftleiða h.f. og Flugfélags Íslands h.f. Flugráð mælti með, að frv. yrði samþykkt óbreytt. Stjórn Flugfélags Íslands taldi æskilegt, að sú breyting yrði gerð á 3. gr. þess, að ráðherra skyldi leita tillagna flugráðs, áður en hann setti reglur um ferðir innlendra flugfélaga.

Stjórn Loftleiða var þeirrar skoðunar, að skynsamlegra væri að tryggja betri framkvæmd l. nr. 65/1947 en að setja ný lög um þessi efni. Þá ræddi nefndin frv. einnig við flugmálastjóra, sem var því andvígur.

Meiri hluti samgöngumálanefndar lítur svo á, að sú stefna, sem kemur fram í þessu frv., að gera framkvæmd flugmála einfaldari og ódýrari, sé rétt. Þess vegna mælir hann með samþykkt frv. með þeirri breytingu, að hámark sekta vegna brota á lögum þessum hækki nokkuð.

Minni hlutinn, Lúðvík Jósefsson, er hins vegar andvígur frv.

Samkvæmt ofansögðu leggur meiri hlutinn til, að frv. verði samþykkt með þessari

**BREYTINGU:**

Við 4. gr. Í stað „10000 krónum“ í síðari málsl. komi: 30000 krónum.

Alþingi, 5. des. 1950.

Sigurður Bjarnason,  
form., frsm.

Jón Gíslason,  
fundaskr.

Stefán Stefánsson.

Ásgeir Bjarnason.